

Greinargerð meirihluta stjórnar HRFÍ með tillögu um stofnun ræktunardeildar,
sérdeildar um hundakynið enskan setter.

Í febrúar s.l. barst stjórn beiðni frá Einari Guðnasyni, Ólafi Ragnarssyni, Þórgunni P. Eyfjörð, Oddi Örvari Magnússyni og Kristni Þór Einarssyni um að ræktunardeild DESÍ, Deild ensks setter, yrði endurvakin.

Í gildandi reglum félagsins um stofnun ræktunardeilda eru gerðar þær lágmarkskröfur til umsóknar að hún innihaldi:

- 1. Upplýsingar um 12 „óskyld“ ræktunarhæfa og sýnda hunda til að byggja stofninn á. Tiltaka skal hvaða 12 hundar eru taldir uppfylla þessi skilyrði um hæf ræktunardýr og hvaða dóma hundarnir hafa fengið.*
- 2. Upplýsingar um hvaða einstaklingar munu sitja í stjórn deildarinnar fyrsta kjörtímabilið.*
- 3. Kynning á þeim einstaklingum og hvaða námskeið þeir hafa sótt, þar með talið ræktunarnámskeið o.s.frv. Þessir aðilar skulu hafa kynnt sér tegundina vel og þá sjúkdóma sem herjað getað á tegundina. Kostur er að þessir einstaklingar skulu einnig hafa haft einhver afskipti af ræktun hunda.*
- 4. Greina skal frá því starfi sem hópurinn hefur staðið að.*

Í erindinu var engu getið um 12 óskyld ræktunarhæf og sýnd dýr. Þá fylgdu ekki upplýsingar um hvaða einstaklingar kæmu til með að sitja í stjórn fyrsta kjörtímabilið né kynning á þessum aðilum eða undirbúningsstarfi þess hóps sem að baki erindinu stóð. Lá því ekki fyrir hvort til staðar væri haldgóð þekking á viðkomandi hundakynjum, meðfæddum og/arfgengum sjúkdómum, ræktun og undaneldi sem og störfum ræktunardeilda. Var erindinu því vísað frá með þeim rökstuðningi að það fullnægði ekki áskilnaði núgildandi reglna félagsins um upplýsingar við stofnun ræktunardeildar.

Þann 1. maí s.l. barst stjórn að nýju erindi frá hópnum. Með erindinu fylgdu upplýsingar um hunda sem beiðendur töldu óskylda og ræktunarhæfa og hægt væri að byggja stofninn á. Þá voru settar fram upplýsingar um þá einstaklinga sem tækju sætu í stjórn deildarinnar fyrsta kjörtímabilið og kynning á þeim aðilum sem og því starfi sem hópurinn stóð fyrir. Að mati stjórnar var beiðnin tæk til skoðunar og var erindið því einnig sent Vísindanefnd félagsins til umsagnar í samræmi við reglur.

Meirihluti stjórnar taldi eftir gaumgæfilega skoðun á túlkun og framkvæmd reglna um stofnun ræktunardeilda, að erindið fullnægði skilyrðum til stofnunar deilda. Var litið til framkvæmdar fyrri stjórnar og skoðaðar fyrri beiðnir um stofnun ræktunardeilda og afgreiðslur þeirra. Varðandi orðalagið „12 óskyld ræktunardýr“ leiddi ítarleg skoðun skrifstofu HRFÍ í ljós að það hefur hingað til verið túlkað

Þannig að nægjanlegt væri að til staðar væru tólf ræktunarahæf dýr. Var í þessu sambandi m.a. litið til beiðni og afgreiðslu stofnunar Huskydeildar árið 2012, stofnunar St. Bernarðsdeildar, Yorkshire terrierdeildar og Amerísk Cocker spanieldeild árið 2010. Í dag eru 97 enskir setter hundar skráðir á lífi og fullnægja 27 hundar gildandi heilsufarskröfum og teljast þar með ræktunarahæfir einstaklingar.

Í lögum félagsins er gert ráð fyrir Vísindaráð veiti álit sitt um grundvöll stofnun nýrrar deildar. Greinargerð hennar barst þann 20. maí sl. og er það álit nefndarinnar að stofninn uppfylli tæpast skilyrði sem sett eru í reglum félagsins um 12 óskyld ræktunarahæf dýr. Það er ekki útskýrt frekar, en í ljósi umræðu þar sem haldið hefur verið fram, að óskyld dýr þýði engir sameiginlegir forfeður í 3 ættliði, er rétt að taka fram að skv. FCI reglum þarf 8 óskyldar „fjölskyldur“ með enga sameiginlega forfeður í 3ja liða ættbók, svo hægt sé að viðurkenna **nýtt hundakyn** á alþjóðlegum vettvangi. Augljóslega verður ekki gerð ríkari krafa til stofnunar ræktunardeildar á Íslandi en til þess og slík túlkun á óskyldum dýrum fráleit í þessu samhengi.

Þá gerði Vísindaráð athugasemd við skort á heilbrigðisskoðunum á tegundinni og gerði grein fyrir ströngum kröfum sem gerðar eru til ræktunar hundakynsins í Svíþjóð og í Noregi.

Um það er að segja, að í dag gildir eftirfarandi regla um undaneldi ensks setters í reglugerð um skráningu í ættbók:

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. (Gildir frá 01.11.1999). Augnvottorð: Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Fallast má á það með Vísindanefnd að kröfur um heilbrigðisskoðanir ensks setter séu ekki til samræmis við kröfur sem gerðar eru á Norðurlöndunum. Á því ber ræktunarstjórn Fuglahundadeildar fyrst og fremst ábyrgð á og er nærtækt að fela nýrri deild að gera þar bót á.

Vísindaráð leggst ekki gegn stofnun ræktunardeildar um enskan seta, heldur leggur ákvörðun um meðmæli í hendur stjórnar HRFÍ.

Meirihluti stjórnar telur að gæta verði samræmis við túlkun og beitingu gildandi reglna félagsins. Aðeins þannig sé tryggt jafnræði meðal félagsmanna. Í því samhengi skipti ekki máli þótt unnið sé að endurskoðun reglna og að stefna stjórnar sé að sameina deildir og efla og styrkja þær til að koma í veg fyrir litlar starfseiningar. Við beitingu gildandi reglna verður að gæta samræmis og jafnræðis allt til þess tíma að nýjar reglur eru samþykktar. Eru ekki fordæmi fyrir því við meðferð beiðni um stofnun ræktunardeildar, að stuðst sé við annað en gildandi kröfur í reglum félagsins. Af þeirri ástæðu er ljóst

að stofninn fullnægir skilyrðum sem sett eru sem grundvöllur fyrir stofnun deildar í starfsreglum um ræktunardeildir.

Með vísan til framangreinds leggur meirihluti stjórnar þá tillögu fyrir aðalfund 2016 að hann samþykki stofnun ræktunardeildar ensks setter.

f.h. stjórnar HRFÍ

Herdís Hallmarsdóttir, formaður.